



# Staða kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði

Aðgengi,  
möguleikar  
og hindranir

Samantekt frá jafnréttisþingi 2022

**Útgefandi:**

Forsætisráðuneytið

Staða kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði: Aðgengi, möguleikar og hindranir. Samantekt frá jafnréttisþingi 2022.

Nóvember 2022

for@for.is

stjornarradid.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Forsætisráðuneytið

©2022 Forsætisráðuneytið



# Efnisyfirlit

1. Dagskrá jafnréttisþings 2022.....	4
2. Setning jafnréttisþings 2022.....	6
3. Staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði .....	10
4. Verkakonur veraldarinnar. Um efnahagslega tilveru verkakvenna og baráttu þeirra við arðránið .....	16
5. Atvinnumöguleikar kvenna af erlendum uppruna sem búsettar eru á Íslandi. Er grasið alltaf grænna hinum megin við lækinn?.....	20
6. Mannauður, menningarauður, félagslegur auður og mismunur: Múslimskar innflytjendakonur á íslenskum vinnumarkaði .....	25
7. Raddir kvenna af erlendum uppruna – samstarf við félagið <i>Hennar rödd</i> .....	28
8. Sófaspjall.....	29
9. Jafnréttisviðurkenning 2022 .....	33
10. Ráðstefnuslit .....	34

# 1. Dagskrá jafnréttisþings 2022

---

9.00 **Húsið opnar**

Morgunmatur og tækifæri til tengslamyndunar

---

9.30 **Setning jafnréttisþings 2022**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Fundarstýra: Silja Bára R. Ómarsdóttir, prófessor við Stjórn mála-  
fræðideild Háskóla Íslands

---

9.35 **Staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði**

Berglind Hólm Ragnarsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri  
Í erindinu kynnis Berglind niðurstöður nýrrar rannsóknar sem framkvæmd var á vormánuðum 2022 á stöðu og líðan kvenna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig ólíkir þættir er tengjast atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan kvenna á Íslandi og hvernig það samband birtist eftir stéttarstöðu þeirra, uppruna og búsetu. Í erindinu verður lögð áhersla á að greina stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði.

---

9.55 **Verkakonur veraldarinnar. Um efnahagslega tilveru verka-  
kvenna og baráttu þeirra við arðránið**

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Í erindinu fjallar Sólveig Anna um efnahagslega kúgun verka- og láglaunakvenna á íslenskum vinnumarkaði, hvaða áhrif slík kúgun hefur og hvaða tól eru líklegust til að skila árangri í efnahagslegri upprisu verkakvenna.

---

10.10 **Atvinnumöguleikar kvenna af erlendum uppruna sem búsettar eru á Íslandi. Er grasið alltaf grænna hinum megin við lækinn?**

Claudia Ashanie Wilson hdl.

Í erindi sínu fjallar Claudia um reynslu kvenna af erlendum uppruna sem búsettar eru hér á landi við að fá menntun sína viðurkennda á Íslandi og um möguleika þeirra til að fá störf við hæfi. Hún fjallar stuttlega um lagaumhverfið og kynnis tillögur að úrbótum.

---

10.25 **Mannauður, menningarauður, félagslegur auður og mismunur: Múslimskar innflytjendakonur á íslenskum vinnumarkaði** (Human, cultural, and social capital and discrimination: Muslim immigrant women's labour market participation in Iceland) Erindið verður flutt á ensku.  
Fayrouz Nouh, doktorsnemi við Háskóla Íslands  
Fayrouz kynnir fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar þar sem hún skoðar sérstaklega stöðu múslimskra kvenna á íslenskum vinnumarkaði.

---

10.40 **Raddir kvenna af erlendum uppruna – samstarf við félagið *Hennar rödd*.**  
*Hennar rödd* eru félagasamtök sem starfa með það að markmiði að auka vitund meðal almennings á stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.

---

10.50 **Kaffihlé**

---

11.10 **Sófaspjall**  
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra stýrir sófaspjalli með konum af erlendum uppruna, auk fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins. Þátttakendur í sófaspjalli:

- Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í fræðslu og málefnum innflytjenda á skrifstofu ASÍ
- Fida Abu Libdeh, framkvæmdastýra GeoSilica
- Jasmina Vajzović Crnac, stjórnarkona í félagasamtökunum *Hennar rödd*
- Paola Cardenas, formaður innflytjendaráðs
- Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB
- Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

---

12.00 **Tónlistaratriði:** Vigdís Hafliðadóttir, söngkona, skemmtikraftur og handritshöfundur

---

12.15 **Jafnréttisviðurkenning 2022**  
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra veitir jafnréttisviðurkenningu

---

12.30 **Ráðstefnuslit**  
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

## 2. Setning jafnréttisþings 2022



**Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra flytur opunarávarp

Katrín hefur ávarp sitt á því að segja hve djúpt það gleðji sig að sjá fjölmörg mætt á jafnréttisþing. Það segi okkur að jafnréttismálin séu í deiglu en ekki síður að viðfangsefni dagsins, staða kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði – aðgengi, möguleikar og hindranir – sé svo sannarlega viðfangsefni sem varði okkur öll. Það sé aðkallandi og minni okkur á að við megum hvergi slaka á í jafnréttisbaráttunni frekar en í annarri mannréttindabaráttu.

Þegar rannsóknir á stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði séu skoðaðar sjáum við að þær eru líklegar til að búa við tvöfalda mismunun vegna kyns síns og þjóðernisuppruna. Konur af erlendum uppruna festist oft í láglau nastörfum og möguleikar þeirra til framgangs í starfi séu litlir. Þá séu hindranir við íslenskunám og takmarkað tengslanet þættir sem virðist hafa mikil áhrif á möguleika erlendra kvenna á vinnumarkaði. Rannsóknir sýni einnig að konur af erlendum uppruna fái ekki störf sem tengist menntun þeirra í uppruna-landinu.

Í dag ætlum við að ræða þessa stöðu og hvað við getum gert til að breyta henni, því staðreyndin sé sú að ýmsar hindranir, bæði sýnilegar og ósýnilegar, séu í samfélaginu okkar. Við sem séum aldar upp á Íslandi vitum t.a.m. það að það skipti máli að vera í saumaklúbb og að það sé erfitt að komast inn í saumaklúbbinn. Katrín hafi heyrt fjöldamargar konur af erlendum uppruna tala um það. Saumaklúbbarnir verði til einhvern tímann á lífsleiðinni, oft áður en fólk fari inn á vinnumarkað, en geti skipt gríðarlegu máli seinna meir. Við munum heyra um

niðurstöður rannsókna hér í dag og eiga samtal í sófaspjalli þar sem við ætlum að ræða það sem fram hafi komið í ávörpum og erindum dagsins.

**„Á mánudaginn var, þann 24. október, voru 47 ár liðin frá kvennafrídeginum árið 1975, þegar konur á Íslandi lögðu niður störf og fylktu liði á Lækjartorgi. Þessi merkilegi fundur markaði tímamót í jafnréttisbaráttu á Íslandi á margan hátt og vakti heimsathygli á jafnréttisbaráttu kvenna á Íslandi. Á fundinum flutti Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, baráttukona fyrir réttindum verkakvenna og síðar þingkona, ávarp og sagði að ástæðan fyrir þeirri einstöku samstöðu sem þjóðin varð vitni að 24. október 1975 væri launamisrétti sem konur væru beittar og vanmat á störfum kvenna yfirleitt.“**

Katrín segir auðvitað margt hafa breyst frá því að konur lögðu niður störf og söfnuðust saman á Lækjartorgi. Í dag sitji Ísland í efsta sæti þegar árangur þjóða í jafnréttismálum sé mældur. Baráttunni sé þó svo sannarlega ekki lokið, því fullu jafnrétti sé ekki náð á Íslandi. Katrín minnir þó á að árangurinn hafi ekki komið sjálfkrafa eða upp úr engu. Konur hafi barist fyrir hverju einasta skrefi til þess að þoka málunum í rétta átt. Hægt sé að nefna leikskóla og það átak sem ráðist var í á tíunda áratugnum til að gera leikskóla aðgengilega fyrir öll börn, nýja löggjöf um þungunarrof sem færi okkur töluvert langt fram í tímann þegar kemur að réttindum kvenna til að ráða yfir eigin líkama, sem séu kannski grundvallar-réttindin í baráttunni fyrir réttindum kvenna. Hægt sé að tala um margháttaða jafnréttislöggjöf, lög um jöfn laun - þó að við séum ekki enn þangað komin að geta talað um fyllilega jöfn laun - lög um jafnlaunavottun, jafnréttisrannsóknir og jafnréttissjóði. Jafnframt sé fæðingarorlofið, sem Katrín segi gjarnan að hafi skipt öllu, t.d. bara fyrir sig persónulega, þegar sú framsýna ákvörðun hafi verið tekin að báðir foreldrar skyldu skipta með sér ábyrgðinni á barnauppleði með lögum um fæðingarorlof. Þetta hafi verið og sé auðvitað risastórt jafnréttismál en það breyti því ekki að síðast þegar fæðingarorlofslögin voru rædd, og ákveðið að lengja fæðingarorlofið úr níu mánuðum í tólf, hafi mörg viljað hverfa frá því að þessi skipting væri ákveðin með lögum þar sem jafnrétti væri þegar náð. Þá minnir Katrín aftur á það að jafnrétti sé ekki náð til fulls og að það skipti máli að löggjöfin tryggi þennan rétt beggja foreldra til þess að við getum haldið áfram að þoka málum áfram í jafnréttisbaráttunni á Íslandi. Að lokum nefnir Katrín að í forsætisráðuneytinu, sem fer með málaflokk jafnréttismála, sé hafinn undirbúningur að rannsókn á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum, sem stundum nefnist önnur og þriðja vaktin. Þannig vonist ráðherra til að geta kortlagt og fangað hinn kynjaða raunveruleika betur og öðruvísi en gert hefur verið á Íslandi. Þessi ólaunuðu heimilis- og umönnunarstörf séu hluti af raunveruleika kvenna sem hafi áhrif á ævitekjur þeirra, heilsu og líðan.

Katrín vísar aftur að kvennafrídeginum árið 1975. Á þeim tíma hafi íslenskt samfélag verið töluvert einsleitara en nú og ekki margt erlent fólk á íslenskum

vinnumarkaði. Það hafi svo sannarlega breyst, hlutfall innflytjenda á Íslandi sé í dag hátt í 16%. Hins vegar hafi ekki breyst að konur beri hitann og þungann í mörgum þeim störfum sem lægst séu launuð í samfélagi okkar og þar séu konur af erlendum uppruna fjölmennar. Margar þeirra hafi menntað sig til allt annarra og betur launaðra starfa en fái menntun sína ekki metna á vinnumarkaði. Þær festist í láglounastörfum og eigi litla möguleika á framgangi. Þess vegna hafi Katrín vitnað í Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, sem talaði um vanmat kvennastarfa, því umræða um verðmætamat starfa hafi ekki verið fyrirferðarmikil í umræðu um launajafnrétti á þeim tíma og hafi raunar ekki orðið fyrr en mörgum áratugum síðar.

**„Verðmætamat starfa er ekki náttúruleg mál. Það mótast af áratuga, aldagömlum, jafnvel bara árbúsunda gömlum viðhorfum í samfélagi okkar. Störf við umönnun, hjúkrun og kennslu ungra barna eru í sögulegu samhengi störf sem konur sinntu lengst af og gera enn í töluverðum mæli og einnig inni á heimilum án launa. Sú arfleifð skilar sér í því að laun uppeldis- og umönnunarstétta hafa aldrei verið há.“**

Katrín segir samfélag sem meti eiginleika eins og samskiptafærni, samvinnu, umönnun, umhyggju, innsæi, þolinmæði, forsjálni og skipulagshæfni til færri fiska en áhættusækni, dirfsku, frumkvæði, skilvirkni og samkeppni hafa áhrif á það hvernig við metum störf. Það búi til viðvarandi og rötgróið vanmat á störfum við umönnun, hjúkrun og kennslu og verði til þess að karlar, sem einnig séu bundnir á klafa staðalimynda á vinnumarkaði, sækji síður í að mennta sig til þessara starfa, hvað þá að sinna þeim.

Katrín hafi skipað aðgerðahóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem hafi fengið það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun kynjanna sem skýrist af kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum og kynskiptum vinnumarkaði. Hópurinn vinni nú að tilraunaverkefni með fjórum ríkisstofnunum þar sem verðmætamat starfa sé tekið til skoðunar og aðferðir þróaðar til að styðja við jafnvirðisnálgun jafnréttislaga. Þessar stofnanir séu embætti ríkislögrelustjóra, Tryggingastofnun, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Hafrannsóknastofnun og hafi verið valdar með það í huga að endurspegla fjölbreytileika ríkisstofnana og starfa með tilliti til kynjahlutfalls starfsfólks og fjölbreytni starfa. Markmiðið með vinnu hópsins sé að ná í eitt skipti fyrir öll að leggja mat á virði starfa með áherslu á launajafnrétti, þvert á vinnustaði eða stofnanir. Verkefnið byggi á þeirri hugmyndafræði að kynbundinn launamunur sé félagslegt fyrirbæri með sögulegar og menningarlegar rætur þar sem hefðbundin kvennastörf séu lægra metin vegna vanmats á þeim þáttum sem að jafnaði eru taldir kvenlægir. Með því að leggja áherslu á hið félagslega jafnrétti drögum við fram ómeðvitaða hlutdrægni og vinnum að jafnvægi milli kynja á vinnumarkaði. Gert sé ráð fyrir að aðgerðahópurinn skili tillögum sínum eigi síðar en haustið 2023.



Katrín segist stundum spurð: „þarf nú að gera þetta? Er þetta ekki bara orðið ágætt?“ Vissulega hafi dregið úr launamun kynjanna, líkt og launarannsókn Hagstofunnar fyrir forsætisráðuneytið frá 2021 sýni. Þær aðgerðir sem stjórnvöld hafi gripið til hafi vissulega skilað árangri en dugi ekki til við að leiðrétta launamun sem stafi af kynbundinni skiptingu vinnumarkaðarins. Í rannsókninni komi fram að óleiðréttur launamunur á vinnumarkaði, sem mælist 13,9% konum í óhag, stafi fyrst og fremst af kynskipta vinnumarkaðnum. Katrín lýsir því að við höfum oft nálgast þetta verkefni út frá náms- og starfsvali kynja, fleiri karlar verði að velja hjúkrunarfræði og fleiri konur tæknistörf. Hún spyr hvort ekki sé tímabært að endurskoða verðmætamatið, enda verði fólk að geta valið sér hvað það vilji gera í lífinu.

**„Þurfum við ekki að spyrja okkur sem samfélag: „Af hverju metum við sum störf til færra fiska en önnur?“ Það er stóra spurningin sem snýst um verðmætamat okkar sem þjóðar og ef við getum náð að komast að þeim rótum, þá held ég að við getum tryggt okkur það að við höldum áfram þessu fræga 1. sæti á alþjóðlegum listum.“**

Katrín segist a.m.k. vonast til þess að niðurstöður aðgerðahópsins verði til þess að slá nýjan tón í umræðu um jafnrétti kynjanna og leiðrétta það vanmat á störfum kvenna sem framsýnar baráttukonur hafi bent okkur öllum á fyrir nærri hálfri öld. Hún hlakki gríðarlega til að heyra þau erindi sem séu á dagskrá og taka þátt í umræðum. Hún segir þingið sett og felur Silju Báru R. Ómarsdóttur fundarstjórn.

*Silja Bára R. Ómarsdóttir, fundarstýra og prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, stígur í pontu og tekur undir með ráðherra. Mætingin í dag sýni eflaust hve mörg hafi áhyggjur af viðfangsefninu þótt mörg þeirra sem varði þetta helst komist ekki þar sem störf þeirra bjóði ekki upp á að sest sé niður í þrjár til fjórar klukkustundir og málin rædd. Ábyrgð viðstaddra sé að taka skilaboð frá þeim, miðla til valdhafa og efla þeirra rödd.*

*Silja Bára kynnir næstu ræðukonu, Berglindi Hólm Ragnarsdóttur, sem haldi erindi um stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Berglind sé lektor við Háskólann á Akureyri með doktorspróf í félagsfræði. Hún hafi verið virk í rannsóknarstarfi og lagt þar sérstaka áherslu á annars vegar ójöfnuð og hins vegar jafnrétti kynjanna á síðustu árum.*

### 3. Staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði



**Dr. Berglind Hólm Ragnarsdóttir**, lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri

Berglind kynnti frumniðurstöður nýrrar rannsóknar sem er liður í verkefni sem ber heitið „láglaunakonur, vellíðan og velferðarkerfið á Íslandi“ og er unnið í samstarfi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt, annars vegar að skoða hvernig ólíkir þættir er tengjast atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan kvenna á Íslandi og hvernig það samband birtist eftir stöðu þeirra og hins vegar að skoða hver reynsla láglaunakvenna er af velferðarkerfinu á Íslandi og hvert hlutverk kerfisins er í að viðhalda félagslegu misrétti.


Berglind bendir á að rannsóknir á ójöfnuði hafi einblínt á ójöfnuð milli ólíkra hópa, t.d. á milli karla og kvenna. Með því sé alhæft um hópa sem eru ekki einsleitir. Hins vegar sé ástæða til að rannsaka ójöfnuð innan hópa þar sem hann fer vaxandi, t.d. hjá konum. Samkvæmt rannsóknnum eru vísbendingar um að aukin gjá hafi myndast á milli kvenna á Vesturlöndum. Á meðan ákveðinn hópur kvenna upplifir aukið jafnrétti á milli kvenna og karla upplifa aðrir hópar kvenna að þeir hafi verið skildir eftir í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Ójöfnuður á meðal kvenna hafi hins vegar verið lítið rannsakaður hérlandis.

Við öflun gagna var lögð mikil áhersla á að ná til þeirra kvenna sem verst hafa kjörin á Íslandi. Sá hópur er einna ólíklegastur til að svara könnunum en fyrir því kunna að vera ýmsar ástæður, t.d. að símanúmer sé ekki skráð og takmörkuð eða

engin íslenskukunnátta innan hópsins. Til að ná til sem flestra kvenna voru ráðnir túlkar og spylar sem tala íslensku, ensku og pólsku ásamt því að annar helmingur úrtaksins var fenginn frá Þjóðskrá og hinn frá Eflingu. Með þessum aðferðum fékkst úrtak sem endurspeglar þýðið mjög vel.


Í rannsókninni er talað um konur af erlendum uppruna og konur af íslenskum uppruna. Þegar rætt er um konur af erlendum uppruna er átt við bæði konur sem eru ekki með íslenskt ríkisfang og konur sem eru orðnar íslenskir ríkisborgarar en hafa ekki alltaf verið það. Berglind nefnir að þetta sé frekar íhaldssöm skilgreining á hugtakinu þar sem þar undir falla bæði konur sem hafa búið hér tiltölulega stutt og konur sem fluttust hingað sem börn.

Lítið er um rannsóknir innanlands á tengslum innflytjendastöðu, kynjaöjöfnuðar og vinnumarkaðar. Gögn Hagstofunnar og þær rannsóknir sem hafa þó verið gerðar sýna að konur af erlendum uppruna eru mjög virkar á vinnumarkaði en að staða þeirra sé viðkvæmari en íslenskra kvenna og karla af erlendum uppruna. Gögnin sýna að þátttaka þeirra á vinnumarkaði sé jafnvel meiri en kvenna af íslenskum uppruna en þær eru líka líklegri til að vera atvinnulausar, eru oftár í hlutavinnu og vinna oft lengri vinnudaga. Þar að auki eru margar konur af erlendum uppruna fastar í láglounastörfum sem veita litla möguleika á framgangi og þær eru ólíklegri en íslenskar konur og erlendir karlar til að fá störf í samræmi við menntun. Þá er staða erlendra kvenna á húsnæðismarkaði viðkvæmari sem ýtir undir vanlíðan og kvíða. Helstu hindranir fyrir konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði skv. rannsóknnum eru takmarkað aðgengi að íslenskukennslu, skortur á íslensku tengslaneti og fordómar í samfélaginu.




**Tafla 1.** Hver er núverandi staða kvenna á vinnumarkaði?

Berglind kynnir því næst frumniðurstöður rannsóknar sinnar. Þar kemur í ljós að stærri hluti kvenna af erlendum uppruna er atvinnulaus en þær eru síður líklegar til að vera örorkuþegar. Undir flokkinn annað falla þær konur sem eru utan vinnumarkaðar, a.m.k. tímabundið, t.d. vegna náms, þær eru heimavinnandi eða í fæðingarorlofi.



Tafla 2 a) Starfshlutfall í aðalstarfi. b) Fyrir hvern starfa konur í núverandi starfi?

Konur af erlendum uppruna vinna meira en konur af íslenskum uppruna þar sem 77% þeirra eru í fullu starfi samanborið við 68% kvenna af íslenskum uppruna. Þá starfa konur af erlendum uppruna í mun meira mæli hjá einkareknum fyrirtækjum á meðan samtals 49% kvenna af íslenskum uppruna starfa hjá ríki og sveitarfélögum.



Tafla 3. Starfsgreinar eftir uppruna.

Yfirgnæfandi meirihluti kvenna af erlendum uppruna er í ósérhæfðum störfum, þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum, eða samtals 84%. 33% kvenna af íslenskum uppruna sinna sams konar störfum. Aftur á móti eru 47% kvenna af íslenskum uppruna í störfum stjórnenda eða sérfræðistörfum samanborið við einungis 6% kvenna af erlendum uppruna.

	Störf stjórnenda	Sérfræðistörf	Störf tækna og sérhæfðs starfsfólks	Skrifstofustörf	Þjónustu/ umönnunar/sölustörf	Ósérhæfð störf
<b>Erlendur uppruni</b>						
Grunnskólanám	0%	0%	0%	0%	83%	18%
Stúdentspróf/iðnnám/ starfstengt nám	1%	1%	2%	2%	44%	44%
Háskólanám	1%	12%	5%	3%	53%	23%
<b>Íslenskur uppruni</b>						
Grunnskólanám	8%	7%	5%	6%	53%	16%
Stúdentspróf/iðnnám/ starfstengt nám	6%	7%	18%	10%	48%	7%
Háskólanám	14%	57%	7%	6%	13%	1%

Tafla 4. Starfsgreinar eftir menntunarstigi.

76% kvenna af erlendum uppruna sem hafa lokið háskólanámi eru í annað hvort ósérhæfðum störfum eða þjónustu-, umönnunar- eða sölustörfum, 12% í sérfræðistörfum og aðeins 1% í stjórnendastörfum. Þessi skipting er mjög ólík þeirri sem er á meðal háskólamenntaðra kvenna af íslenskum uppruna. Þar eru 14% kvenna í annað hvort ósérhæfðum störfum eða þjónustu-, umönnunar- eða sölustörfum, 57% í sérfræðistörfum og 14% í starfi stjórnenda.

	Lágar tekjur	Meðalháar tekjur	Háar tekjur
	Tekjur undir 399þkr	Tekjur 400-699þkr	Tekjur yfir 700þkr
<b>Erlendur uppruni</b>	31%	58%	11%
<b>Íslenskur uppruni</b>	20%	46%	34%

**Tafla 5.** Heildartekjur á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt.

Meirihluti kvenna af erlendum uppruna er með tekjur sem flokkast hér sem lágar eða meðalháar tekjur en meirihluti kvenna af íslenskum uppruna er með meðalháar tekjur eða háar tekjur.

	Tekjur undir 399	Tekjur 400-699	Tekjur yfir 700
<b>Erlendur uppruni</b>			
Grunnskólanám	8%	67%	25%
Stúdentspróf/iðnnám/starfstengt nám	34%	59%	8%
Háskólanám	<b>28%</b>	<b>59%</b>	<b>14%</b>
<b>Íslenskur uppruni</b>			
Grunnskólanám	31%	55%	14%
Stúdentspróf/iðnnám/starfstengt nám	30%	54%	16%
Háskólanám	<b>12%</b>	<b>40%</b>	<b>49%</b>

**Tafla 6.** Heildartekjur eftir menntunarstigi.

14% kvenna af erlendum uppruna með háskólapróf eru með tekjur yfir 700 þúsund krónum á meðan 49% kvenna af íslenskum uppruna falla undir þann tekjuhóp. Það er því ljóst að menntun kvenna af erlendum uppruna skilar sér ekki jafn vel í auknum tekjum og hjá konum af íslenskum uppruna.


Berglind segir að við getum ekki slitið stöðu kvenna á vinnumarkaði frá þeirra daglega lífi. Hún vísar í meginmarkmið rannsóknarinnar sem er að skoða stöðu kvenna á vinnumarkaði og á heimilinu og tengja hana við líðan þeirra. Fyrri rannsóknir benda til þess að húsnæðisaðstæður kvenna af erlendum uppruna séu oft ótryggari en kvenna af íslenskum uppruna og að viðkvæm staða þeirra á vinnumarkaði í samspili við ótrygga stöðu á húsnæðismarkaði leiði oft til mikillar vanlíðanar og kvíða hjá þessum hópi kvenna.

	Ég bý í eigin húsnæði	Ég bý í leiguhúsnæði á almennum markaði	Ég bý í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	Ég bý í félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélaga	Ég bý hjá foreldrum eða ættingjum	Ég hef ekki fasta búsetu
<b>Erlendur uppruni</b>	38%	56%	2%	0%	4%	0%
<b>Íslenskur uppruni</b>	83%	11%	3%	1%	3%	0%

Tafla 7. Húsnæðisaðstæður.


Niðurstöður þessarar rannsóknar staðfesta þessa viðkvæmari stöðu kvenna af erlendum uppruna á húsnæðismarkaði þar sem meirihluti þeirra, eða 56%, býr í leiguhúsnæði á almenna markaðnum en aðeins 38% í eigin húsnæði samanborið við 83% kvenna af íslenskum uppruna.

Í rannsókninni var notast við Dash-21 mælingu til að meta klínísk einkenni streitu, þunglyndis og kvíða.



Tafla 8. Klínísk einkenni streitu.

Meirihluti kvenna, óháð uppruna, mælist með eðlileg einkenni streitu. 20% kvenna af erlendum uppruna mælast hins vegar með alvarleg eða mjög alvarleg einkenni streitu samanborið við 13% kvenna af íslenskum uppruna.



Tafla 9. Klínísk einkenni kvíða.

Meirihluti kvenna mælist með eðlilegan kvíða en 21% kvenna af erlendum uppruna er með alvarlegan eða mjög alvarlegan klínískan kvíða samanborið við 10% kvenna af íslenskum uppruna.

Berglind ítrekar að um frumniðurstöður sé að ræða og að frekari greining verði gerð á gögnum þeirrar rannsóknar sem hún hafi kynnt í erindi sínu. Þá verður framkvæmd framhaldsrannsókn þar sem tekin verða viðtöl við smærra úrtak kvenna. Það er hennar von að þá verði hægt að skilja betur þau mynstur sem hún kynnti á þinginu og fá betri innsýn í tengsl uppruna, stöðu á vinnumarkaði, samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs og andlegrar líðanar.

### Samantekt á stöðu kvenna sem eru af erlendum uppruna

- Staða kvenna sem eru erlendar að uppruna á íslenskum vinnumarkaði er að mestu leyti í samræmi við fyrri rannsóknir.
- Niðurstöður benda aftur á móti til þess að þær séu síður í hlutastarfi en íslenskar konur.
- Þær eru einnig mun líklegri til að vinna í einkageiranum en hjá ríkinu/sveitarfélagi.
- Þær eru síður líklegar til að vera á örorku. (Takmarkaður aðgangur að velferðarþjónustu?)
- Þær eru líklegri til að vera í ósérhæfðum störfum og þjónustu-, sölu- og umönnunarstörfum.
- Menntun þeirra skilar þeim hvorki störfum né launum í samræmi við menntun.
- Þær eru síður líklegar til að eiga sitt eigið húsnæði og búa flestar í leiguhúsnæði á almenna markaðnum.
- Þær finna fyrir meiri streitu og kvíða en konur af íslenskum uppruna.

*Silja Bára þakkar Berglindi fyrir erindið og segir gott að sjá hve miklu það getur skilað að beita inngildandi aðferðum því það tryggir að rannsóknir endurspeglir raunverulega hópinn sem verið er að rannsaka og komi í veg fyrir að alhæft sé um hóp út frá ófullkomnum gögnum.*

*Silja Bára kynnir næsta á svið Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar og aðgerðasinna. Sólveig starfaði sem leikskólustarfsmaður hjá Reykjavíkurborg þar til hún var kjörin formaður Eflingar 2018. Erindi hennar ber titilinn „Verkakonur veraldarinnar. Um efnahagslega tilveru verkakvenna og baráttu þeirra við arðránið“.*

## 4. Verkakonur veraldarinnar. Um efnahagslega tilveru verkakvenna og baráttu þeirra við arðránið



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Sólveig Anna Jónsdóttir hóf erindi sitt á því að þakka fyrir boðið á jafnréttisþing. Hún spurði hvort efnahagsleg kúgun verka- og láglaunakvenna væri raunveruleg á Íslandi og sagði það svo sannarlega vera. Hún kvað áhrif kúgunarinnar m.a. birtast í heilsuleysi, sem leiði frekar til örorku og styttra lífs hjá þeim konum en konum ofar í stigveldinu.

Í baráttu verkakvenna við arðránið sé samstaða máttugasta vopnið, samstaða þvert á tungumál, menningu og upprunaland. Sólveig þurfi ekki að leita í kenningabanka annarra eða í sjálfa mannkynssöguna, heldur hafi hún séð það og upplifað á eigin skinni. Aðfluttar konur standi fremstar í samstöðuverkefni vinnuaflsins á Íslandi og erindið sé tileinkað þeim; Körlu, Barböru, Lucynu, Ruth, Innocentiu, Marcelu, Olgu, Mögdu og öllum hinum sem viti að framlag þeirra til þjóðfélagsins sé þúsund sinnum meira virði en kvenhatursniðurstaða arðráns-verkefnis yfirstéttarinnar segi það vera.

Kerfisbundin andúð á kvenvinnuaflinu ríki á Íslandi og verka- og láglaunakonur hafi verið jaðarsettar og útilokaðar með markvissum hætti. Nærtækasta dæmið um það sé jafnréttisþing 2020 þar sem láglaunakonur Reykjavíkurborgar hafi gleymst, þrátt fyrir að vera í verkfalli þar sem meginkraftan hafi verið leiðrétting á sögulega vanmetnum kvennastörfum. Í anda samstöðunnar hafi Eflingarkonur



birst óboðnar í Hörpu við setningu þingsins og gengið burt til að halda áfram með sitt árangursríka verkfall. Um raunverulegan og markverðan árangur þess megi m.a. lesa í skýrslum Kjaratölfræðinefndar. Jafnframt megi heyra um hann í hræðsluáróðri Samtaka atvinnulífsins nú í aðdraganda kjarasamningsviðræðna, þar sem menn séu verulega daprir yfir því að láglaunakonur Eflingar hafi náð að knýja á um leiðréttingu á sögulega vanmetnum kvennastörfum.

**„Vondar verkakonur allra landa sameinist, þið hafið engu að tapa nema hlekkjum auðvaldsins og heila jafnréttisparadís að vinna.“**

Sólveig Anna segir jaðarsetningu og útilokun kvenvinnuaflsins hafa haft ömurleg áhrif, m.a. þau að pólitísk og efnahagsleg valdastétt hafi komist upp með að gera ofurarrán á alþjóðlegum láglaunakonum Íslands að sínu sameiginlega hagsmunamáli. Lúxuslíf hinna ríku sé niðurgreitt með því að láta kvenvinnuafli umönnunarkerfanna axla þyngri byrðar og hlaupa hraðar. Auðmannadekur sé stundað á kostnað láglaunakvenna á Íslandi. Velferðarkerfin séu ekki aðeins nöguð inn að beini, heldur verði konurnar sem vinna við rekstur þeirra hvern dag sjálfar fyrir stöðugu glefsi af því sérstaka miskunnarleysi sem hin jaðarsettu verði fyrir hér og annars staðar í veröldinni. Ófaglærðar verkakonur séu, og hafi verið frá ómunatíð, arðrændustu manneskjur íslensks vinnumarkaðar. Þær konur sem hingað flytji og taki þátt á vinnumarkaði bætist einfaldlega í þann hóp.

Sólveig Anna varpar þeirri spurningu fram hvaða áhrif hið yfiringilega og ógeðslega arðrán á alþjóðlegu kvenvinnuafli, sem kyndi ofna félagslegrar endurframleiðslu og snúi hjólum atvinnulífsins, hafi. Samkvæmt nýrri könnun Gallup fyrir Eflingu hafi fjölbjóðlegar Eflingarkonur miklar fjárhagsáhyggjur. Sex af hverjum tíu Eflingarkonum hafi viðvarandi fjárhagsáhyggjur. Samkvæmt könnun Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, sé staða Eflingarkvenna í samanburði við konur í öðrum stéttarfélögum áberandi verri, þær þurfi frekar að leita aðstoðar vegna fjárhagsvandræða. Eflingarkonur vinni undir gríðarlegu álagi; sex af hverjum tíu segi það of mikið. Þar hafi stytting vinnuvikunnar ekkert gert til að bæta ástandið.

**„Eflingarkonur kvíða eftirlaunaárunum og vita að það verður mjög erfitt að komast af á ellilífeyri. Í landi kynjajafnréttisins er það meðfæddur réttur verkakonnar að hafa áhyggjur alla ævi.“**

Þær sem tilheyri stétt kvenvinnuaflsins, fæddar hér eða hingað fluttar, setji upp stéttagleraugin, stígi til baka og horfi yfir þjóðfélag það sem þeim sé gert að lifa í. Þær sjái sig og félaga sína hlaupandi frá einu verki í annað, úr einu starfi í annað, sjái blankheit, áhyggjur, heilsuleysi, jaðarsetningu, fátækt og algjört áhugaleysi valdastéttarinnar. Þær sjái að það taki bókstaflega enga stund að

finna rétta plássið fyrir sig í stigveldi Íslands, ófaglærða verkakonan sé, og hafi verið, staðsett neðst, sama hvaða strandhögg feminisminn geri í samfélaginu.

Eflingarkonur hafi leitt allar verkfallsaðgerðir félagsins á síðustu árum, aðfluttar Eflingarkonur þar í framvarðasveitinni, vegna þess að þær bókstaflega þoli ekki lengur þá vanvirðingu sem þeim sé sýnd. Þær bókstaflega þoli ekki lengur að fá mánaðarlega sönnun þess að hjartaafli þeirra, vöðvafl og heilaafli sé metið svo lítills virði af reiknimeisturum stöðugleikans að þær fái aldrei um frjálst höfuð strokið. Þess vegna berjist þær, fyrir sig sjálfar og allar hinar, vitandi að þær muni ekki fá neinar formlegar viðurkenningar fyrir upprisu sína, engar orður eða jafnréttisverðlaun.

Sólveig Anna segir Eflingarkonur þola það vel en þær krefjast virðingar, samfélagslegrar og efnahagslegrar. Þær muni ekki umbera meira af því virðingar- og áhugaleysi sem þeim hafi verið sýnt. Þær séu ekki ómerkilegar, ógreinilegar og illskiljanlegar, heldur ómissandi. Því muni þær verða eins sýnilegar og hugsast getur, kröfur þeirra eins skiljanlegar og hugsast getur. Það sé í senn persónuleg og pólitísk ákvörðun að þola arðránið ekki lengur. Slík afstaða geti borið með sér stórkostlegan árangur og það viti öll sem eitthvað vita.

Sólveig Anna spyr hvað sé það besta sem geti gerst til að tryggja að Ísland læri að meta framlag hins alþjóðlega kvenvinnuafls sem á þessari stundu svitni fyrir hagvöxtinn og kyndi ofna félagslegrar endurframleiðslu á umönnunarstofnunum velferðarkerfisins. Það sé ekki að stofna starfshóp, upphugsa enn eitt kerfið eða setja markmið á blað um einhvern árangur einhvern tímann. Það sé að láglaunakonur Íslands tengist tryggðaböndum, horfi hver á aðra og í spegilinn, segi hátt og snjallt hið forboðna: Við erum ómissandi og enginn skal lengur komast upp með að kúga okkur.

Verka- og láglaunakonur á höfuðborgarsvæðinu hafi hafist handa við frelsunarverkefni sem snúist um sjálfsfrelsun, eitt það mikilvægasta sem konur geti gert. Þær ætli að meta sig sjálfar til launa. Til þess ætli þær að nota tungutak og baráttuaðferðir feminismins en fyrst og fremst tungutak og baráttuaðferðir verkalyðs allra landa; það máttugasta, mikilvægasta, markverðasta og magnaðasta, að leggja niður störf til að fá fram viðurkenningu á mikilvægi sínu. Eflingarkonur hafi lært að verkföll skili árangri. Meirihluti Eflingarkvenna styðji verkföll til að ná fram bættum kjörum.

Sólveig Anna spyr hvað Eflingarkonur hafi lært á síðustu árum. Þær hafi lært að þær muni ekki fá neina utanaðkomandi viðurkenningu á verkum sínum og sigrum. Þær þurfi sjálfar að minna sig á það sem þær hafi áorkað, aftur og aftur. Þær hafi lært að tungumálamunur skipti ekki máli í baráttunni. Sé viljinn fyrir hendi sé hægt að yfirstíga allar áskoranir. Eflingarmenn vilji standa með þeim og sjái ekkert athugavert við að þær taki forystu í baráttunni fyrir efnahagslegu réttlæti. Þær hafi lært að hræðast ekki áróðursmaskínur óbreytts ástand og að óbilandi samstöðu þurfi til að ná árangri. Í samstöðunni búi galdrar, samstaða fæði af sér meiri samstöðu, sem og hugrekki og eldmód.

Sólveig Anna lýkur erindi sínu á eftirfarandi orðum áður en hún þakkar fyrir sig:

**„Aðfluttar Eflingarkonur eru í mínum huga hetjur verkalýðsbaráttu íslensks samtíma. Ég kann þeim miklar og ævarandi þakkir fyrir dugnaðinn og metnaðinn. Ég vona að samfélagið allt skilji hversu merkilegar þær eru. Eða réttara sagt; ég vona ekkert, ég veit að þær sjálfar munu sýna samfélaginu það. Þær hafa þegar gert það og næsta sýning, kjarasamningar vetrarins, er rétt að hefjast. Ykkur er öllum boðið að fylgjast með henni.“**

*Silja Bára stígur aftur í pontu, þakkar Sólveigu Önnu og segir erindi hennar sannarlega brýna áminningu um það sem konur af erlendum uppruna hafi fram að færa í samfélaginu. Við þurfum að axla ábyrgð á því að standa straum af launahækkunum kvenna af erlendum uppruna.*

*Silja Bára kynnir Claudiu Ashanie Wilson næsta í pontu, sem fjalli um atvinnu- möguleika kvenna af erlendum uppruna sem búsettar séu á Íslandi og spyrji hvort grasið sé alltaf grænna hinum megin við lækinn. Claudia sé eigandi lögmanns- stofunnar Claudia & Partners en hafi áður verið meðeigandi hjá Rétti lögmanns- stofu og starfað þar um árabil. Í störfum sínum hafi Claudia m.a. fengist við mannréttindamál, fjölskyldumál og innflytjenda- og flóttamannamál. Samhliða lögmannsstörfum sé Claudia stundakennari við Háskóla Íslands og Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna. Hún sé jafnframt mjög virk í félagsstörfum á Íslandi, m.a. sé hún varaformaður Íslandsdeildar Amnesty International.*

## 5. Atvinnumöguleikar kvenna af erlendum uppruna sem búsettar eru á Íslandi. Er grasið alltaf grænna hinum megin við lækinn?



Claudia Ashanie Wilson, hdl.

Claudia segir þörf á því að skapa umræðu um ójafna stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum atvinnumarkaði, sérstaklega þeirra sem búa yfir sérfræðipækkingu og menntun. Hún byrjaði á að varpa fram eftirfarandi spurningum: Hvernig leiðréttum við aðstæður þeirra, þessa mismunun sem á sér stað á atvinnumarkaðnum? Teljum við betra að flytja inn sérfræðinga heldur en að veita þeim sem eru hér á landi nú þegar tækifæri?

Í fyrsta hluta erindis síns spurði hún frekari spurninga: Hafa samfélagsleg viðhorf áhrif á atvinnumöguleika kvenna af erlendum uppruna með sérfræðipækkingu? Hefur samfélagið ákveðin viðhorf til kvenna af erlendum uppruna? Ef svo er, hver eru áhrif fjölmiðla á þau viðhorf?

Helga Ólafs, fyrrum aðjúnt í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað birtingarmynd innflytjenda í íslenskum fjölmiðlum. Hún hefur sagt að fjölmiðlar hafi mikil áhrif og að fréttáflutningur þeirra geti mótað almenningsálitið. Neytendur fjölmiðla grípi fyrirsagnir á lofti og sú hætta sé til staðar að fólk byrji að alhæfa um hópa innflytjenda út frá einstökum tilvikum. Claudia segist verða vör við ómeðvitaða flokkun í fjölmiðlun, að fólk birtist sem hetjur, fórnarlömb,

konur sem vinna lágláunastörf eða glæpamenn. Mótast þá viðhorf samfélagsins, þ.m.t. atvinnulífsins, til kvenna af erlendum uppruna af þessum flokkunum sem við sjáum í fjölmiðlum? Claudia segir að til staðar sé hætta á ómeðvitaðri hlutdrægni. Til að útskýra þessa flokkun notar hún dæmi úr frægum TED-fyrirlestri Chimamanda Ngozi Adichie um hættuna á einni sögu. Ein saga skapi staðalímyndir, þær séu ekki endilega ósannar en þær séu ófullnægjandi.

### Sagan af leigubílstjóranum og hreingerningakonunni af erlendum uppruna – fyrri partur

„Leigubílstjórinn sækir hreingerningakonuna um kl. 5 um morgun til að aka henni til vinnu. Þau byrja að spjalla saman og vildi hann þá hrósa konunni fyrir einstakan dugnað, þ.e.a.s. fyrir að vakna svona snemma til að fara að þrifa. Hann hreinlega komst ekki yfir dugnaðinn í konunni. En hvernig vissi leigubílstjórinn að konan ynni við þrif? Hvað var það sem gaf honum það til kynna? Er það vegna þess að konur af erlendum uppruna, sérstaklega þær með sýnilegan erlendan bakgrunn, sinna oft lágláunastörfum?“

Claudia bendir á ýmsar tölulegar upplýsingar um menntun kvenna af erlendum uppruna sem sýna að hópurinn sé vel menntaður. Í könnun á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði frá 2019 höfðu 88,3% svarenda lokið háskólanámi og margar kvennanna voru með tvær grunngráður. Þá rími niðurstöðurnar við könnun Berglindar Hólm, að konur af erlendum uppruna séu ofmenntaðar fyrir þau störf sem þær sinna og að skortur á íslenskukunnáttu sé vandamál en það skýri ekki skort á tækifærum til að gegna störfum sem hæfi menntun. Röð þátta sem mæti konum skýri þvert á móti að miklu leyti erfiðleika kvenna af erlendum uppruna til að hljóta störf sem hæfi menntun þeirra, t.d. margvísleg kerfislæg mismunun og kynferðislegt ofbeldi sem lýst var í #metoo.

Claudia deildi með fundargestum þremur dæmisögum af menntuðum konum af erlendum uppruna og ferlinu sem þær fóru í gegnum til að fá menntun sína viðurkennda hérlendis. Fyrsta dæmisagan er um tvo kvenkyns lækna á Íslandi sem útskrifuðust úr sama háskóla innan EES. Önnur er íslensk, hin er frá ríki utan Evrópu. Önnur starfar sem lækni í dag, hin ekki. Til að lækniinn sem er fædd utan EES fái viðurkenningu á menntun sinni hérlendis þarf hún að vera með ráðningarsamning á sviði heilbrigðisþjónustu og B2 í íslensku, þ.e. búa yfir faglegri þekkingu á tungumálinu. Claudia þekkir til máls enn annars lækni sem sótti um læknaleyfi erlendis frá. Í því tilviki var ekki krafa gerð um B2 í íslensku.

**„Það er óljóst af hverju ekki er gerð sambærileg krafa til þeirra sem sækja um læknaeyfi beint. Einnig er óljóst hvers vegna við gerum greinarmun á sérfræðimenntun Íslendinga af erlendum uppruna og erlendra sérfræðinga. Og því spyr ég: Eru tveir fuglar í skógi betri en einn í hendi?“**

Næsta dæmisaga er um tvo tannlækna sem eru báðar fæddir utan EES. Önnur þeirra var með öll gögn um menntun en hin ekki. Þær hófu viðurkenningarferlið nánast samtímis. Önnur er starfandi tannlæknir núna, hin ekki þrátt fyrir fjögurra ára baráttu. Sú kvartaði um brot á jafnræðisreglu til embættis landlæknis og vísaði m.a. í opinberar upplýsingar um umsóknarferli þeirrar sem fékk leyfið. Nýlega komst embætti landlæknis að þeirri niðurstöðu að jafnræðisreglan hefði ekki verið brotin en ákvað þó að innleiða nýtt viðurkenningarferli. Í stað þess að taka prófið hérlendis þurfa umsækjendur að ferðast til London til að taka skriflegan hluta prófsins. Þá er bráðabirgðaleyfi aðeins gefið út ef ráðningarsamningur er til staðar. Þetta sýni fram á margvíslegar hindranir og Claudia segir erfitt að skilja rökin á bak við hvernig ferlinu er háttað. Þá spyr Claudia hvort íslenskar tannlæknastofur séu reiðubúnar til að ráða sérfræðinga sem þegar séu búsettir hérlendis. Sérfræðingar í viðurkenningaferlinu telji svo ekki vera.

Þriðja dæmisagan er um ljósmyndara og viðurkenningu á menntun hennar. Viðkomandi hefur lokið námi við bandarískan háskóla í „ljósmyndun og kvikmyndagerð“ og hefur jafnframt yfir tíu ára starfsreynslu á sviði ljósmyndunar. Hún vildi fá menntun sína metna en fékk það ekki því námið væri ekki sambærilegt. Ljósmyndun er ekki kennd á háskólastigi hér. Hún var því of menntuð til þess að fá menntun sína metna á Íslandi. Ákvörðunin var ekki kæránleg, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi. Í dag hefur verið sett reglugerð nr. 477/2020 sem myndi heimila kæru.

Ekki öll háskólamenntun er metin til jafns. Sem dæmi má nefna að hjá þeim sem koma frá Filippseyjum og fá námið sitt metið hjá ENIC/NARIC er litið svo á að fyrstu tvö árin í háskóla séu eins og síðustu tvö árin í menntaskóla á Íslandi.

**„Þegar þú kemur með fínu B.A.-gráðuna þína til að monta þig, þá er þetta rétt að byrja hjá þér. Þá er bara að setjast aftur og taka þetta upp á nýtt.“**

Þá þarf að hafa samband við marga matsaðila þegar sóst er eftir viðurkenningu á starfsréttindum. Engin samræmd málsmeðferðarferli eru til staðar. Þessu hlutverki er dreift á hendur a.m.k. tíu stofnana (fagráðuneytið sem í hlut á og stofnanir, þ.m.t. Menntamálastofnun, Iðan, embætti landlæknis, sýslumanns-embætti og Vinnumálastofnun). Þar af leiðandi er ferlið ógagnsætt og óskilvirkt.

Til viðbótar við lög og reglur í tengslum við dæmisögurnar bendir Claudia á gildandi reglur um starfsréttindi heilbrigðisstétta: Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og reglugerð nr. 510/2020 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum eða Sviss til að starfa hér á landi.

Claudia bendir að auki á að heimildarákvæðin sem eru til staðar séu túlkuð þröngt, sbr. tannlækninn og lækninn utan EES. Í tilviki tannlæknisins er 13. gr. reglugerðar nr. 1121/2012 beitt, sem er undanþáguákvæði sem er notað til að meta nám þeirra sem eru frá ríkjum utan EES. Þar eru settar fram kröfur um umsókn um dvalarleyfi og atvinnuleyfi, kröfur um ráðningarsamning, kunnáttu í íslensku og þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf og að hafa staðist próf, bæði fræðilegt og verklegt, sem sýna fram á faglega þekkingu og hæfni.

Claudia staldrar aðeins við námsmenn frá ríkjum utan EES-svæðisins og möguleika þeirra til atvinnu eftir að námi er lokið. Eins og staðan er í dag fá námsmenn sex mánuði til að sækjast eftir eða leita að atvinnu. Eins og lögin eru er þeim ekki gert kleift að sækja starfsnám vegna skilyrðis um tryggja framfærslu. Þannig getur það komið upp að fyrirtæki vilji ráða einstakling en megi það ekki því það má ekki greiða honum lægri laun en sérfræðingum sem útilokar möguleika þeirra til að komast inn á atvinnumarkað. Þá eru tveir valkostir í stöðunni, annað hvort að giftast Íslendingi eða að fara í áframhaldandi nám og gerast eilífðarstúdent.

Claudia er með tillögur að úrbótum í fjórum liðum. Í fyrsta lagi segir hún brýna þörf vera á sértækum aðgerðum. Beita þurfi ákvæði 2. mgr. 11. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og koma í framkvæmd sértækum og tímabundnum aðgerðum til að stuðla að fjölbreytileika og inngildingunni aðfluttra kvenna á íslenskum vinnumarkaði. Fyrirmyndir um sértækar aðgerðir megi finna í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Hún bendir að auki á „brúarnámskeið“ sem myndi ljúka með viðurkenningu á menntun og atvinnutækifærum, ýmis flýtiaðlögunarverkefni, fjárhagslega styrki/hvatningu til fyrirtækja til að taka innflytjendur í starfsþjálfun og það að sérfræðingar í tæknigeiranum gætu sótt tungumálanámskeið á vegum vinnuveitenda. Þar að auki eru tiltekin tvö dæmi um jákvæða þróun í þessum málum, annars vegar framkvæmdaáætlun nr. 29/152 í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022–2025 sem var samþykkt á Alþingi í júní 2022 og hins vegar ákvörðun félags- og vinnumarkaðsráðherra um skipun stýrihóps um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi í ágúst 2022.

Önnur tillagan snýr að þörf á aðgerðum í tengslum við viðurkenningu á menntun. Annars vegar er kallað eftir gagnsæju og samræmdu matsferli vegna viðurkenningar á menntun og hins vegar eftir skoðun á lagalegum hindrunum, m.a. kröfum um ráðningarsamninga sem kunna að stuðla að mismunun og útilokun.

Þriðja tillaga Claudiu er að huga að námsmönnum utan EES að námi loknu og nefnir hún sérstaklega tillögu Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-,

iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, um að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að ráða til sín sérfræðinga frá ríkjum utan EES. Hún hvatti jafnframt fundargesti til að skoða og auka möguleika þeirra sem eru nú þegar hér til að komast í starfsnám.

Að lokum lagði hún til að skoðuð yrðu samfélagsleg viðhorf til kvenna af erlendum uppruna. Við gætum breytt lögum eins og við vildum en viðhorf væru annað, t.d. þyrfti að skoða hvort viðhorf hefðu áhrif á framgöngu erlendu kvennanna á íslenskum atvinnumarkaði.

### **Sagan af leigubílstjóranum og hreingerningakonunni af erlendum uppruna – seinni partur**

„Þessi hreingerningakona var ég, lögmaður, á leið í vinnu að undirbúa málf lutning. Leigubílstjórinn var alveg handviss um að ég væri hreingerningakona. Að vísu erum við vinir í dag, þegar hann sækir mig segir hann bara: „Sæl, Claudia, lögmaður.““

*Silja Bára þakkar Claudíu og segir erindi hennar góða áminningu um mikilvægi þess að læra að aftengja ómeðvitaða hlutdrægni hjá okkur. Þær kerfisbundnu skekkjur sem Claudia lýsi varpi að einhverju leyti ljósi á það hvers vegna svo margar konur, skv. tölfræði frá Berglindi Hólm, séu ekki að vinna störf við hæfi þeirrar menntunar sem þær hafi aflað sér.*

*Silja Bára býður Fayrouz Nouh í pontu, doktorsnema við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Hún sé með BA-gráðu í sálfræði frá Damaskus-háskóla í Sírylandi og meistaraþáttu í félagsvísindum frá Háskólanum á Akureyri. Hún hafi flutt til Íslands frá Sírylandi árið 2016 og erindi hennar byggja á doktorsverkefni hennar – Mannauður, menningarauður, félagslegur auður og mismunur: Múslimskar innflytjendakonur á íslenskum vinnumarkaði eða Human, cultural, and social capital and discrimination: Muslim immigrant women's labour market participation in Iceland.*



## 6. Mannauður, menningarauður, félagslegur auður og mismunun: Múslimskar innflytjendakonur á íslenskum vinnumarkaði

Heiti erindis á ensku: Human, cultural, and social capital and discrimination: Muslim immigrant women's labour market participation in Iceland.



Fayrouz Nouh, doktorsnemi við Háskóla Íslands

Fayrouz kynnir sig. Hún hafi komið til Íslands árið 2016 með fyrsta flóttamannahópnum sem tekið var á móti á Íslandi. Hún hafi búið á Akureyri síðan, klárað meistarágráðu þaðan og sé nú í doktorsnámi. Áhugasvið hennar sé múslimskar innflytjendakonur, eftir að hafa mætt ýmsum hindrunum og áskorunum í íslensku samfélagi og verandi múslimsk innflytjendakona sjálf. Þess vegna hafi meistara- og doktorsverkefni hennar tengst efninu. Engar rannsóknir hafi verið gerðar á aðgengi og þátttöku hópsins á íslenskum vinnumarkaði.

Vegna efnahagslegs óstöðugleika og aðstæðna í stjórnámálum í mörgum múslimskum ríkjum hafi flóttafólk flust í hrönnum til Evrópu, m.a. til Íslands. Árið 2021 hafi 1447 meðlimir verið skráðir í þau þrjú múslimsku félög sem eru starfrækt á Íslandi. Samkvæmt einu þeirra sé talan þó hærri, líklega um 2500. Jafnvel þótt talan sé há sé rannsóknum á aðlögun og þátttöku í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði varla til að dreifa.

Doktorsrannsókn Fayrouz beinist bæði að múslimskum innflytjendakonum og flóttakonum. Leiðbeinendur hennar séu Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir frá Háskóla Íslands og Moa Bursell frá Háskólanum í Stokkhólmi. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum og markmiðið sé að taka viðtöl við 40 múslimskar innflytjendakonur á Íslandi, 15 fulltrúa sveitarfélaga og aðra aðila á borð við Rauða krossinn.

**„Markmið rannsóknarinnar er að kanna þættina sem hafa áhrif á þátttöku múslimskra innflytjendakvenna á íslenskum vinnumarkaði og hvernig stétt, etni og kyn móta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Meginrannsóknarspurningin er: Hvernig skynja múslimskar innflytjendakonur aðstæður sínar og stöðu á íslenskum vinnumarkaði og hvernig hefur mannauður, félagslegur auður og auðkenni þeirra sem múslimar áhrif á störf þeirra?“**

Fayrouz segist í erindi þessu kynna frumniðurstöður sínar úr níu viðtölum, fimm við flóttakonur og fjórum við innflytjendakonur. Samkvæmt þeim sé það ekki öllum flóttakonum áskorun að nálgast vinnumarkaðinn, enda hafi þær aðgang að sérstöku kerfi sem aðstoði þær, m.a. við að læra tungumálið. Þá eigi konur utan höfuðborgarsvæðisins greiðara aðgengi að vinnumarkaðnum, þar sem þær fái meiri aðstoð frá sveitarfélögum. Fayrouz segir það kunna að stafa af því að þær séu fámennari í smærri sveitarfélögum og fái þar með aukna aðstoð. Erfitt sé fyrir innflytjendakonur á höfuðborgarsvæðinu að nálgast vinnumarkaðinn og því noti þær tengslanet sitt til að fá störf. Sumar kvennanna hafi lýst því í viðtölum að þær hafi sagt upp störfum þar sem þær hefðu átt erfitt með að ná jafnvægi milli heimilis- og atvinnulífs.

Frumniðurstöðurnar samræmist öðrum rannsóknum um laka stöðu og skort á viðurkenningu menntunar, aðgengi og tækifærum erlendra kvenna á íslenskum vinnumarkaði, t.a.m. kvenna frá Póllandi eða Filippseyjum. Það sama eigi við um múslimskar og aðrar innflytjendakonur, að flestar starfi þær við ræstingar eða á leikskólum og ekki á sínu sérsviði sem t.d. sálfræðingar eða kennarar. Enn fremur mæti múslimskar innflytjendakonur annars konar áskorunum í ofanálag, sérstaklega í tengslum við trú þeirra og félags- og menningarleg gildi. Jafnframt upplifi þær einmanaleika og sleppi sumar kaffihléi því þeim þyki óþægilegt að vera innan um annað fólk. Fayrouz segir það kunna að stafa af tungumála-örðugleikum en einnig hafi sumar lýst því að þær reyni þannig að vernda trúar- og menningarlegan bakgrunn sinn. Það hafi komið Fayrouz á óvart að flestar kvennanna hafi ekki þekkt réttindi sín á íslenskum vinnumarkaði á borð við stéttarfélög, rétt til að læra tungumál, orlofsrétt, veikindarétt o.s.frv. Enginn hefði upplýst þær um réttindi sín.

Líkt og á við um aðrar innflytjendakonur eigi múslimskar innflytjendakonur erfitt með að fá menntun sína og reynslu viðurkennda á Íslandi. Vandamálið sé þó ekki

aðeins skortur á að menntun sé viðurkennd heldur einnig skortur á upplýsingum um hvernig innflytjendur eigi að snúa sér. Fayrouz nefnir dæmi um lögmann sem tali góða ensku og hafi búið á Íslandi í tólf ár en hafi ekki enn fengið svör um hvernig hún geti borið sig að til að fá menntun sína metna til jafns við íslenskt laganám.

Fayrouz lýsir því að flestar kvennanna hafi upplifað vanmáttarkennd og jaðarsetningu á vinnumarkaði því menntun frá heimaríki hafi ekki verið viðurkennd og þær neyðst í láglau nastörf. Hins vegar hafi verið áhugavert að sjá konurnar upplifa valdeflingu með því að vera í vinnu líkt og flestar íslenskar konur, þær væru ekki háðar eiginmönnum sínum.

**„Flestar kvennanna hafa upplifað neikvætt viðhorf í garð útlits síns og trúarháttá, á borð við að halda föstu í Ramadan. Þær upplifa að þær þurfi sífellt að verja sig gagnvart samstarfsfólki, sem dæmi hvað varðar staðalímyndina um að múslimskar konur klæðist höfuðklút sem undirokuð fórnarlömb. Þetta gerir þeim erfiðara að aðlagast íslensku samfélagi. Múslimskar innflytjendakonur þurfa aukna aðstoð við að útrýma neikvæðum staðalímyndum um útlit sitt og trúarbrögð.“**

Að lokum nefnir Fayrouz félags- og menningarleg gildi. Í heimi múslima séu skyldur kvenna á heimilinu og skyldur karla utan heimilisins, sem kunnir að hægja á aðlögun þeirra að vinnumarkaðnum. Þrjár kvennanna hafi lýst því að þær hafi hætt störfum því þær hafi átt erfitt með að finna jafnvægi milli vinnu innan og utan heimilis. Að koma til Íslands og sjá jafna þátttöku kynja á vinnumarkaði sé erfitt en á sama tíma valdeflandi. Þær þurfi aukna valdeflingu til að öðlast jafnrétti á við eiginmenn sína innan og utan heimilis.

*Silja Bára stígur aftur í pontu, þakkar Fayrouz fyrir erindið og kynnir næsta dagskrárlið – myndband unnið af Hennar rödd í samstarfi við forsætisráðuneytið. Hennar rödd séu félagasamtök sem hafi það að markmiði að auka vitund meðal almennings um stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Silja Bára hvetur þátttakendur til að sækja sér kaffibolla eftir myndbandssýninguna, áður en sófaspjallið hefst.*

## 7. Raddir kvenna af erlendum uppruna – samstarf við félagið *Hennar rödd*

*Hennar rödd* eru félagasamtök sem starfa með það að markmiði að auka vitund meðal almennings á stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.



**“I think Iceland today is still very, very much a white feminist, uh, paradise. We have so many women in power. We can start the dialogue. I think it has to start from there.”**

- Achola Otieno

Hér má horfa á kynningarmyndband bókarinnar *Hennar rödd* sem sýnt var á jafnréttisþingi 2022: <https://www.youtube.com/watch?v=N2lQYekfx5c>.

----- *Kaffihlé* -----

*Silja Bára býður gesti velkomna aftur og kynnir þátttakendur í sófaspjalli. Hlutverk þeirra sé að draga saman skilning og tillögur um leiðir til að bregðast við þeim málum sem var farið yfir á jafnréttisþingi.*

## 8. Sófaspjall



**Katrín Jakobsdóttir** stýrði sófaspjalli með konum af erlendum uppruna auk fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins.

Þátttakendur í sófaspjalli:

- **Aleksandra Leonardsdóttir**, sérfræðingur í fræðslu og málefnum innflytjenda á skrifstofu ASÍ
- **Fida Abu Libdeh**, framkvæmdastýra og einn af stofnendum GeoSilica
- **Jasmina Vajzović Crnac**, stjórnarkona í félagasamtökunum *Hennar rödd*
- **Paola Cardenas**, formaður innflytjendaráðs
- **Sonja Ýr Þorbergsdóttir**, formaður BSRB
- **Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri SA

Katrín Jakobsdóttir hóf sófaspjallið á því að spyrja hvað væri það fyrsta sem þátttakendur myndu vilja sjá íslensk stjórnvöld gera varðandi stöðu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Þátttakendur segja að rannsóknir hafi ítrekað sýnt fram á að aðgerða sé þörf til að bæta stöðu kvenna af erlendum uppruna og varpa þeirri spurningu fram hve margar rannsóknir þurfi til að við byrjum að gera eitthvað. Talið barst einkum að tvennu sem þyrfti að gera til þess að tryggja jöfn tækifæri, annars vegar að viðurkenna menntun og reynslu kvenna af erlendum uppruna og hins vegar að tryggja betur aðgengi að íslenskukennslu. Íslenskukennsla standi ekki öllum til boða og ekki í sömu gæðum. Konur af erlendum uppruna vinni langa vinnudaga og heimilisstörf taki við þegar heim sé komið. Námskeið séu kostnaðarsöm og ekki nægt framboð af rafrænum námskeiðum. Flóttakonur eigi sérstaklega erfitt með að komast inn á vinnumarkað án þess að kunna íslensku. Að lokum er því bætt við að þótt menntun sé mikilvæg sé jafnframt mikilvægt að virðing sé borin fyrir ólíkum störfum.

**„Það sem mér finnst mjög sláandi er hvað við erum léleg í því, og það á jafnt við um atvinnurekendur, stjórnvöld og verkálýðsfélögin, að beita okkur í sameiningu fyrir því að reynsla og menntun sé metin á milli landa og inn á íslenskan vinnumarkað. Ég vil í raun bara ganga svo langt að segja að við eigum að skammast okkar. [...] Varðandi það að meta menntun á milli landa, sérstaklega utan EES-samstarfsins, þá ætla ég að segja ykkur lítið leyndarmál: Vagga menntunar í heiminum er ekki Háskóli Íslands. [...] Við verðum að finna leiðir til þess að inngilda þetta fólk allt inn í íslenskt samfélag, það fái menntun sína og reynslu metna, vegna þess að við þurfum á því að halda á öllum sviðum.“**

- Halldór Benjamín Þorbergsson

Katrín nefndi að áhersla verkálýðshreyfingarinnar hefði verið að hækka laun og spurði þátttakendur hvort ætti að gera það. Þátttakendur svöruðu því einróma játandi en því var jafnframt bætt við að launahækkanir leystu ekki allt, fólk þyrfti einnig að njóta virðingar sem væri ekki metin í peningum.

Þá barst talið að ósýnilegum hindrunum en Katrín spurði hvernig þátttakendur sófaspjallsins hefðu tekist á við þær. Paola nefndi að fyrsta hindrunin sem hún hefði mætt hefði verið að koma hingað með erlenda B.Sc.-gráðu og komast ekki inn í Cand. psych. nám á Íslandi. Hún hefði staðið í daglegri baráttu, sem leiddi til þess að tiltekinn prófessor ákvað að skoða gögnin hennar og hún fékk að taka eitt og hálf ári til viðbótar við B.Sc.-gráðuna sína. Jasmina nefndi einkum hindranir í tengslum við tungumálið, fordóma og að svindlað væri á launum. Það sem truflaði hana mest væri það viðhorf að erlent fólk væri bara vinnuafl. Aleksandra nefndi almennt aðgengi að upplýsingum, það hefði t.d. tekið hana þrjú ár að skilja „gleðileg jól“ því hún hefði aldrei komist á námskeið. Hún kallaði eftir bættum upplýsingum á fleiri tungumálum sem og íslenskukennslu. Fram kom það viðhorf að stjórnendur gætu aðstoðað við að tryggja fólki tengslanet á vinnustað, auk þess sem framboðslistar stjórnmalaflokka yrðu að endurspeglar betur fjölbreytileika.

Katrín leyfði fjórar spurningar úr sal. Fyrsta spurningin sneri að því hvað útlendingar gætu gert til að komast inn í þjóðfélagið. Sú næsta sneri að því hvort stjórnvöld ætluðu að grípa til aðgerða eða hvort við myndum hittast hér aftur á næsta ári til að ræða sama efni. Næst tók til máls starfsmaður Fjölmenningsseturs sem var ekki með spurningu heldur hafði á orði að hjá Fjölmenningssetri starfi fólk sem tali alls konar tungumál og geti orðið fólki að liði. Hægt væri að auka meðvitund um Fjölmenningssetur og þjónustu þess. Síðasti spyrjandi nefndi að samkvæmt heimasíðu Jafnréttisstofu væri allt starfsfólkið ýmist -dóttir eða -son. Hún spurði hvernig okkur þætti ef aðeins karlar ynnu á Jafnréttisstofu og hvort ætti ekki að ráða innflytjendur í ábyrgðarstöður í jafnréttismálum.

Katrín sagði raunverulegan jarðveg til breytinga og gaf þátttakendum í sófaspjalli fimm mínútur til að segja hvað þeim brynni í brjósti. Þátttakendur voru einróma um að grípa þyrfti til aðgerða og það strax, við þyrftum ekki fleiri skýrslur eða tölfræði um stöðu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Gagnkvæm inngilding og aðlögun þyrfti að eiga sér stað. Innflytjendur þyrftu að fá tækifæri til stjórnunarstarfa og vera hluti af samfélaginu á öllum stigum. Það gæti verið lykilbreyta og auðveldað fólki lífið að hafa stuðnings- eða tengslafulltrúa innan fyrirtækja, sem aðstoðuðu starfsmann og fjölskyldu hvað varðar aðgengi að samfélaginu. Fjölbreytni í íslenskunámi og fjölbreytni í upplýsingagjöf eru lykilatriði. Það sé ekki eitt námskeið sem henti öllum, stundum þurfi tungumála-mentor, stundum bara nágranna. Við þurfum að styðja innflytjendur og leyfa þeim að blómstra í samfélaginu.

**„Við verðum, fyrst og fremst stjórnvöld, að móta stefnu um það hvernig við ætlum að halda í fólkið, ekki hvernig við ætlum að losa okkur við fólkið eftir fimm ár. Það er grundvallaratriðið, þarna þurfa að eiga sér skipti í viðhorfum. Byrjum á því, það er mjög einfalt. [...] Viðhorfið, að horfa á að við séum jafningjar. [...] Stundum erum við að horfa eins og við séum að bjarga innflytjendum en eins og ég segi, það er enginn að bjarga neinum, innflytjendur geta gert þetta allt sjálf, þau þurfa bara stuðning. Byrjum á því, inngilding, og þetta að vera sýnilegur. [...] Það skiptir máli að koma fram og taka pláss í samfélaginu, ekki vera feimin við það.“**

- Jasmina Vajzović Crnac

*Katrín Jakobsdóttir þakkaði kærlega fyrir sófaspjallið og minnti á að við eigum að vinna að því bæði við stefnumótun og hjá okkur sjálfum að við séum eitt samfélag.*



**Tónlistartriði: Vigdís Hafliðadóttir, söngkona,  
skemmtikraftur og handritshöfundur**

Vigdís Hafliðadóttir fór með femínískt gamanmál og flutti lögin *Þegar ég verð 36* og *Boltinn hjá mér*.



## 9. Jafnréttisviðurkenning 2022



Frá hægri: Katrín Jakobsdóttir, Chanel Björk Sturludóttir og Elínborg Kolbeinsdóttir

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra veitti félagasamtökunum *Hennar rödd* jafnréttisviðurkenninguna 2022 en stofnendur samtakanna, Chanel Björk Sturludóttir og Elínborg Kolbeinsdóttir, veittu henni viðtöku.

Markmið *Hennar raddar* er að auka vitund meðal almennings á stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum frá stofnun þess árið 2018 og hlaut styrk frá Jafnréttissjóði Íslands árið 2021 til að gefa út bók sem inniheldur sögur kvenna af erlendum uppruna á Íslandi en hún kemur út fyrir jól.

**„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur persónulega að fá þessa viðurkenningu og staðfestir það að málefni kvenna af erlendum uppruna skipta máli í jafnréttisbaráttunni.“**

- Elínborg Kolbeinsdóttir

**„Eins og Achie sagði, sem er í salnum einhvers staðar, eins og hún sagði í myndbandinu: Ísland er femínísk paradís fyrir mjög margar konur en alls ekki fyrir allar. Það er okkar markmið að lyfta röddunum sem hafa komið fram í dag, lyfta þessum röddum sem hafa ekki fengið nægan hljómgrunn í samfélaginu, og við ætlum að halda því áfram.“**

- Chanel Björk Sturludóttir

## 10. Ráðstefnuslit

„Kæru gestir jafnréttisþings, þetta er búinn að vera frábær morgunn. Lærdómsríkur. Innblástur. Ljóst að aðgerða er þörf, við höfum fengið skýra leiðsögn um það á þessu þingi. Kærar þakkir fyrir ykkar framlag, fyrir að vera hér saman. Það er einmitt á svona samkundum, þar sem við erum saman, þaðan kemur krafturinn í baráttuna. Takk fyrir það. Þingi slitið.“

- Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



